

AUGLÝSING

um staðfestingu á hluta af aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, Flateyri, 1996-2015.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. maí 1998 staðfest hluta af aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, Flateyri 1996-2015.

Eftirfarandi fyrirvarar eru gerðir:

Snjóflóðahætta: Gert verður hættumat fyrir Flateyri og kunna niðurstöður að hafa áhrif á aðalskipulagið.

Mat á umhverfisáhrifum: Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sem eru matskyldar, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993, og hafa ekki þegar verið metnar, geta leitt til breytinga á aðalskipulagi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 12. maí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Tunguskeið.

Að ósk bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hefur ráðherra þann 11. maí 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990 að þeim hluta er snertir Tunguskeið, sbr 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingar eru eftirfarandi:

- Þjónustu- og verslunarreitir er sameinaður iðnaðarsvæði í blönduðum þjónustureit.
 - Svæði fyrir opinberar byggingar (leikskóla) er fellt út.
 - Innra gatnakerfi er breytt og tenging við þjóðveginn um Tungudal er felld niður.
- Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfisráðuneytinu, 11. maí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.